Reykjavíkurborg
*Samninganefnd*

R20100076
27. október 2020

**Borgarráð**

**Efni: Kjarasamningur við Félag grunnskólakennara**

**1. Nýr kjarasamningur til kynningar**

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur skrifað undir nýjan kjarasamning við Félag grunnskólakennara sem sendur er borgarráði til kynningar.

Gildistími: 1. september 2020 – 31. desember 2021.

Samningurinn felur í sér sambærilegar launahækkanir og Reykjavíkurborg hefur þegar samið við önnur stéttarfélög á grunni lífskjarasamnings:

- september 2020 hækka laun um kr. 24.000
- janúar 2021 hækka laun um kr. 24.000

Nýr kjarasamningur felur í sér að orlofsávinnsla miðast nú ekki við aldur heldur gildir 30 daga orlofsréttur fyrir alla starfsmenn og 25% lenging á orlofi utan sumarorlofstímabils gildir eingöngu með skriflegri beiðni yfirmanns.

| Félag | | Aukinn kostn. v. sept.-des. 2020 | Aukinn kostn. v. 2021 | % v. 2020 | % v. 2021 |
|---|---|---|---|---|---|
| Félag Grunnskólakennara (FG) | Laun | 326.197.703 | 1.548.871.051 | 2,6% | 12,2% |

Með nýjum kjarasamningi sem tekur við 1. janúar 2022 er horft til þess að tekið verði upp starfsmat auk þess sem að grunnlaun hækki til samræmis við lífskjarasamning sem gildi til marsloka 2023.

F.h. samninganefndar Reykjavíkurborgar

***Hjálagt:***
*Nýr kjarasamningur Félags grunnskólakennara, undirritaður 7. október 2020*